

Fundur 19. ágúst 2004

Ár 2004 þann 19.ágúst kom skipulags-, bygginga- og hafnarnefnd saman til fundar á Reykhólum. Byggingarfulltrúi sat einnig fundinn auk sveitarstjóra er reit fundargerð.

Fundurinn hófst kl. 09:50

Fundurinn hófst með því að sveitarstjóri fór yfir fundargerðir tveggja síðustu funda. Að því loknu var gengið til dagskrár:

BYGGINGAR- OG SKIPULAGSMÁL:

- 1) Erindi frá Guðrúnu Guðmundsdóttur og Birni Fannari Jóhannessyni á Reykhólum. Þau sækja um byggingarleyfi fyrir einbýlishúsi á Reykhólum. Um er að ræða lóðina á milli Ásbrekkunnar og Reykhólaskóla, þar sem nýbúið er að auglýsa deiliskipulag sem gerir ráð fyrir fjórum parhúsum en engum einbýlishúsum. Ákveðið að boða til fundar með öllum þeim aðilum sem sýnt hafa áhuga á að byggja á þessum byggingarreit. **Sveitarstjóra og Gústafi Jökli falin framganga málsins.**
- 2) Orkubú Vestfjarða sækir um leyfi til að reisa dælustöð við Álftaland á Reykhólum. Einnig spennistöð við Mariútröð. Ekki er sótt um hefðbundna lóð undir spennistöðina vegna smæðar hennar. Beðið er um stöðuleyfi og er plássþörfin 5x5 metrar eða svo. Byggingarnefnd **samþykkir** byggingu spennistöðvar og dælustöðvar á umræddum stöðum.
- 3) Aðalsteinn Valdimarsson á Reykhólum óskar eftir bletti í Flatey undir hjólhýsi. Minnir einnig á afmörkun lóðar í kringum fasteign við Mariútröð 5B á Reykhólum. Erindi um hjólhýsi **synjað**. Varðandi afmörkun lóðar lagði byggingarfulltrúi fram uppdrátt að lóð sem er 238 fermetrar að stærð. **Uppdráttur samþykktur.**
- 4) Erindi frá Aðalsteini Valdimarssyni á Reykhólum sem óskar eftir að byggja "bíslag" (forskyggni) við Mariútröð 5B á Reykhólum. Lagðar fram teikningar. **Erindið samþykkt**, enda verði "bíslagið" klætt sama efni og húsið og vel frá því gengið.
- 5) Erindi frá Freyju K. Þorvaldsdóttur í Reykjavík varðandi lóð í Flatey. Nokkrar umræður urðu um byggingarmál í Flatey. Nefndin telur æskilegt að hreppsnefnd móti sér framtíðarstefnu varðandi úthlutun lóða í Flatey. **Erindinu vísað til hreppsnefndar.**
- 6) Hellisbraut 28, Reykhólum. Bréf sveitarstjóra til eiganda fasteignarinnar (tilkynning).
- 7) Afmörkun lands fyrir Reykhólaþorp. Byggingarfulltrúi lagði fram loftmynd af Reykhólum þar sem búið er að afmarka hreppslandið í samræmi við óskir hreppsnefndar. **Samþykkt.**
- 8) Endurskoðuð matsskýrsla Ríkiskaupa á landspildu úr landi Reykhóla við bæinn Seljanes; erindi frá Landbúnaðarráðuneytinu. Fyrir liggur að hreppurinn kaupi 42 hektara úr landi Reykhóla við bæinn Seljanes og selji síðan aftur Magnúsi Jónssyni á Seljanesi, sbr. erindi hreppsins frá 4. júlí 2001. **Sveitarstjóra falið að ganga frá málinu.**
- 9) Umsögn Vegagerðar vegna óskar um byggingarleyfi fyrir hringsjá á eystri Hellishólnum á Reykhólum. Um er að ræða bílastæði og aðkomu að hringsjánni. Umsögn Vegagerðar er neikvæð, þar sem sjónlengdir séu stuttar vegna blindhæðar. **Byggingarfulltrúa falið að gera nýjar tillögur.**
- 10) Brunastigar fyrir hjúkrunar- og dvalarheimilið Barmahlíð, Reykhólum. Byggingarfulltrúi lagði fram tillögur sem gera ráð fyrir stigum niður af svölum á báðum gölfum. **Tillögur samþykktar.**
- 11) Lóðarstækkun fyrir Jónsbúð á Reykhólum, Jón Þór Kjartansson. **Byggingarfulltrúa falið að ganga frá málinu.**
- 12) Erindi frá Karli Kristjánssyni á Kambi II. Sótt er um leyfi til að rífa gamalt haughús og hluta af fjósi og laga það sem eftir verður af fjósinu og nota sem geymslu. **Erindið samþykkt.**

13) Sótt um leyfi fyrir viðbyggingu við sumarbústað í Hafrafellslandi, erindi frá Hafliða Guðjónssyni. Sumarbústaðurinn heitir Brekkukot. Núverandi sumarhús er 28,1 ferm en stækkun er 34,0 ferm. Samtals hús eftir stækkun er 62,1 ferm. **Samþykkt.**

Byggingarfulltrúi yfirgaf fundinn kl. 13:00

Bogi Kristinsson Magnusen (sign)

HAFNARMÁL:

1) Athugasemd frá Siglingastofnun varðandi Reykhólahöfn og Staðarhöfn. Málinu frestað vegna sumarleyfis skoðunarmanns. Sveitarstjóri greindi frá því að gat væri komið á bryggjuhólf trébryggju í Reykhólahöfn. Hann sagðist hafa falið umsjónarmanni fasteigna hreppsins að taka út ástand trébryggjunnar.

2) Afrit af bréfi Fiskistofu til Styrju ehf (bréfaskipti vegna ábendinga veiðieftirlitsmanns um olútank á bryggjunni o.fl.)

FJALLSKIL OG BÚFJÁREFTIRLIT:

1) Sundurliðun á vinnu vegna forðagæslu í Reykhólahreppi 2004, svar Búnaðarsamtaka Vesturlands (tilkynning).

2) Gerð leitarseðils (fjallskil) haustið 2004. Farið var yfir dagsetningar og þeim breytt frá seðlinum frá í fyrra. Sveini Ragnarssyni falið að vinna seðilinn áfram ásamt Karli á Kambi.

Þórður Jónsson (sign)

Sveinn Ragnarsson (sign)

Gústaf Jökull (sign)

Einar Örn Thorlacius (sign)